



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

**Tannsmiður, tannsmíði**

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

**Dental technician**

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- þekkir eiginleika og kosti efna sem notuð eru í tannsmíði og verkun þeirra við mismunandi meðhöndlun og í munni, gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu véla og verkfæra sem tannsmiðir nota við vinnu sína, viðhald þeirra og hirðingu
- getur útskýrt hugtök, heiti og reglur sem gilda um form tanna mannsins
- getur útskýrt almenn heiti og hugtök í bitfræði
- getur sannað kunnáttu sína í smíði heilgóma og í partagerð, og hefur þekkingu á fræðiheimum er greinina varða
- er fær um að smíða stakar krónur og brýr úr mismunandi efnum og þekkir þær fræðilegu og hagnýtu kröfur sem gerðar eru til smíðinnar
- getur sannað kunnáttu sína í smíði tannréttingatækja og þekkir bitskekkju
- er fær um að gera við tangervi og tannréttingabúnað
- hefur þekkingu á líffærafræði munnhols með tilliti til bits, smíði heilgóma, parta, krónu og brúargerðar
- þekkir helstu fræðiheiti munnhols er varða bein, vöðva, vöðvafestingar, taugar og slímhúð
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Tannsmiðir starfa á tannsmíðaverkstæðum við smíðar og viðgerðir á tangervum og tannréttingabúnaði. Rétt til starfa í tannsmíði hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í tannsmíði sem iðnaðarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b>  Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b>  Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b>  Framhaldsskólastig Isced 3	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b>  1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar</b> Meistaraskóli.	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999. Lög um starfsréttindi tannsmiða nr. 109/2000 og reglugerð um starfsréttindi tannsmiða nr. 904/2000 og reglur um takmörkun á starfsréttindum tannsmiða nr. 936/2000.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár, þrjú ár í Tannsmiðaskóla Íslands og 1 ár í starfsþjálfun á tannsmiðaverkstæði. Námi lýkur með sveinsprófi.

### Inngönguskilyrði

Jafngildi stúdentsprófs í ensku (9 ein.) og einhverju Norðurlandamáli (6 ein.) og undirstöðuþekking í efnafræði.

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)